

Bernharði Hjartarsyni, kr. 336.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1954 til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. nóvember 1961.

Nr. 122/1961. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Þorvaldi Jóni Ottóssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn um sakarefni hefur verið háð eftir uppsögu héraðsdóms. Meðal annars komu þá fyrir dóm lögreglumennirnir Gísli Sigurðsson og Steingrímur Helgi Atlason, og heitfestu þeir vætti sitt í málinu.

Samkvæmt gögnum málsins er í ljós leitt, að ákærði hefur verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðar á þeim tíma, sem í ákæruskjali greinir, og þá orðið mistök um stjórn bifreiðarinnar fyrir vangæzlu sakir. Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. og 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 80. gr. og 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Fallast má á ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Rétt er að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár alls.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal

laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Jón Ottósson, greiði í ríkissjóð 2500.00 króna sekt, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. marz 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 21. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2546/1961: Ákærvaldið gegn Þorvaldi Jóni Ottóssyni, sem dómtekið var 13. þessa mánaðar.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 24. september 1959, höfðað á hendur Þorvaldi Jóni Ottóssyni mat-sveini, Hraunprýði, Reykjavík, fyrir að hafa sunnudaginn 31. maí s.l., um kl. 0130, ekið bifreiðinni R 7468 frá Vífilsstöðum og til Reykjavíkur og til baka áleiðis að Vífilsstöðum um kl. 0400, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, svo og fyrir að hafa ekki sýnt nægilega aðgæzlu við greindan akstur með þeim afleiðingum, að hann ók út af Reykjanesbraut sunnan við verk-smiðju Reykdals.

Telst þetta varða við 2. og 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 9. október 1940 á Þingeyri, hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1960 7/2 Rvík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

— 18/5 — Sátt, 150 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

— 30/5 — Áminning fyrir umferðarlagabrot.

— 29/9 — Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

— Kærður fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Ákæru frestað í 2 ár frá 24/11 1960.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 31. maí 1959 voru tveir lögreglumenn á eftirlitsferð um Hafnarfjörð. Um kl. 0410 fóru þeir um götuna Lækjarkinn og sáu þá, að bifreið hafði verið ekið út af Reykjanesbraut sunnan við verksmiðju Reykdals. Bifreiðin, sem reyndist vera fólksbifreiðin R 7468, stóð á hjólum utan vegar og sneri í norður, þvert við aksturstefnu hennar. Greinileg hjólför eftir nefnda bifreið mældust 64 metrar. Hjólförin voru hlykkjótt, þannig að bifreiðin hefur rásað nokkuð á veginum, áður en hún fór út af honum. Yfirborð vegarins var slétt og malborið, fremur hart, en laus, smágerður mulningur á vegköntum. Náði mulningur þessi nokkuð inn á akbrautina sums staðar.

Ökumaður R 7468, Þorvaldur Jón Ottósson, ákærði í máli þessu, var við bifreiðina, er lögreglumenn komu þar að. Lögreglumönnum þótti ástæða til að færa ákærða til blóðtöku til alkóhólákvörðunar, og sama dag kl. 0600 var ákærða síðan tekið blóðið, og fundust þá í blóði hans reducerandi efni, er samsvara 0.66‰ af alkóhóli.

Lögreglumenn þeir, er stóðu að handtöku ákærða greint sinn, hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið Gísli Sigurðsson lögregluvarðstjóri hefur skýrt svo frá, að dauð áfengislykt hafi verið úr vitum ákærða, sem viðurkenndi greiðlega að hafa neytt áfengis kvöldið fyrir ökuóhappið.

Vitnið Steingrímur Helgi Atlason lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að lítils háttar áfengislykt hafi verið af ákærða, hann hafi verið lítið eitt rauðeygður og taugaóstyrkur.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að kvöldið fyrir ökuóhappið á tímabilinu frá 2000—2200 hafi hann neytt lítils háttar áfengis að Vífilsstöðum, án þess þó að geta sagt, að hann fyndi á sér af drykkjunni. Hann hafi komið akandi frá Reykjavík, er óhappið varð, en þangað hafi hann ekið frá Vífilsstöðum um kl. 0130. Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn umrætt sinn.

Ökuóhappinu hefur ákærði lýst á þann hátt, að bifreiðin hafi lent í lausri möl í götujaðrinum, við það hafi bifreiðin byrjað að rása á veginum. Hafi hann þá freistað þess að „réttu bifreiðina af“ án þess að beita hemlum. Í þann mund hafi hann þó lagt full mikið á bifreiðina, þannig að framhjólin mynduðu óeðlilega mótstöðu, en þá rétt skömmu síðar hafi bifreiðin farið út af veginum, oltið eina veltu og stöðvazt á hjólum. Bifreiðin skemmdist mikið, án þess að ákærða eða farþega sakaði.

Sannað þykir með niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, framburðum vitnanna og með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn greint sinn og þar með gerzt sekur um brot á 2. og 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Við rannsóknir á vettvangi og samkvæmt frásögn ákærða sjálfs um aðdraganda ökuóhappsins þykir sannað, að ákærði hafi ekki sýnt næga aðgæzlu við aksturinn umrætt skipti og því gerzt brotlegur við 37. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt 80. gr. síðastnefndra laga 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þá ber samkvæmt 81. gr. sömu laga að svipta ákærða ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá dómsbirtingu að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Jón Ottósson, greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í sektar stað, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er frá dómsbirtingu sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.